



Skipulagsstofnun  
Þórdís Stella Erlingsdóttir  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 31. maí 2023  
UST202304-107/B.S.  
10.05.01

## Efni: Landfylling í Straumsvík og efnistaka í Rauðamelsnámu. Umsögn

Vísað til erindis Skipulagsstofnunar dags. 13. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Helstu framkvæmdaþættir eru 10 ha landfylling í Straumsvík, grjót úr Rauðamelsnámu 100.000 m<sup>3</sup> og efni sótt í sjó 180.000 m<sup>3</sup>. Í greinargerð kemur fram að 104.095 m<sup>3</sup> rúmmál efnis verði tekið úr Rauðamelsnámu. Ekki er ljóst hvaða efni hér er um að ræða, hvort þetta eru lausefni og kjarni annað en stórgrýti?

Fram kemur í greinargerð að hér sé um fyrsta áfanga framkvæmda sem gjörbreyta munu svæðinu með landfyllingum, efnistöku og nýjum byggingalóðum sunnan Reykjanesbrautar.

Umhverfisstofnun telur að hér sé einungis um upphaf framkvæmda á svæðinu og er óljóst hvernig landfyllingin muni nýtast og hvað skilgreinir stærð hennar og mun það ekki koma í ljós fyrr en síðar. Umhverfisstofnun vill benda á að við landfyllingar í öðrum og þriðja áfanga er ekki útilokað að meira efni verði sótt í Rauðamelsnámu. Ef svo er ætti að skoða heildar efnistöku úr námunni. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að gæta varúðar þannig að grunnvatn mengist ekki vegna viðkvæms lífríkis í Straumstjörnum. Því ætti strax í upphafi að skoða heildar efnistöku, vinnsludýpi og fleira sem gæti haft neikvæð áhrif á grunnvatn.

Hér er verið að hefja framkvæmdir sem munu umturna öllu svæðinu norðan og sunnan Reykjanesbrautar við Straumsvík. Fyrirhuguð er gríðarleg vatnstaka og er vandséð hvernig slík vatnstaka muni viðhalda því ástandi vatns og sjávar sem gerir t.d. Straumstjarnir svo merkilegar. Umhverfisstofnun sér ekki neina knýjandi ástæðu fyrir því að hefja þarna framkvæmdir í flýti og meta einungis umhverfisáhrif seinni áfanga. Skoða þarf vel allt málið frá upphafi hvort allar fyrirhugaðar framkvæmdir og niðurdæling úrgangs frá Evrópu sem þurfa mun gríðarlegt magn af vatni sé í raun góð nýting á þessu vatni sem gæti mögulega nýst sem neysluvatn seinni tíma.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest í apríl 2022 á grunni laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Markmið laganna er að vernda allt vatn (yfirborðsvatn og grunnvatn) og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar.

Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.

Samkvæmt reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun eiga öll vatnshlot að ná umhverfismarkmiðum sínum og ástand þeirra má ekki rýrna. Gerist slíkt þarf að setja fram aðgerðir til að draga úr álagi á vatnshlotið með það að markmiði að bæta ástandið.

Vatnshlotin sem um ræðir eru grunnvatnshlotið Straumsvíkurstraumur nr. 104-265-G og strandsjávarhlotið Straumsvík-Kjalarnes nr. 104-1391-C. Í skýrslu sem Veðurstofa Íslands vann fyrir Umhverfisstofnun<sup>1</sup> um grunnvatnshlot sem kunna að vera undir marktæku álagi vegna vatnstöku er Straumsvíkurstraumur þar metinn undir miklu álagi miðað við þáverandi nýtingu og gögn.

Ástand vatnshlotanna tveggja hefur ekki verið metið vegna skorts á gögnum og því ekki ljóst hvort þau nái umhverfismarkmiðum sínum. Ástandið þarf að vera þekkt áður en frekari framkvæmdir fara fram á svæðinu og skal því framkvæmdaraðili vakta gæðapætti í strandsjó og grunnvatni áður en leyfi fyrir framkvæmdum fæst svo hægt sé að staðfesta vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand strandsjávarhlotsins og magnstöðu og efnafræðilegt ástand grunnvatnshlotsins.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að varp dýpkunarefna og náttúrulegra óvirkra efna í hafið, þ.e. fastra jarðefna, er háð leyfi Umhverfisstofnunar í samræmi við 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Með umsókn um varp í hafið þurfa stofnuninni að berast upplýsingar samkvæmt viðauka I við leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun að hér sé verið að hefja mikla mannvirkjagerð sem ef gengur eftir mun hafa umalsverð áhrif á landslag, grunnvatn og mögulega lífríki Straumtjarna og ætti því að skoðast í heild með seinni áföngum framkvæmdarinnar.

Umhverfisstofnun telur að ekki sé unnt að réttlæta umtalsverð- og óafturkræf umhverfisáhrif á Íslandi í því skyni að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í öðrum löndum nema fyrir liggji samningar stjórnvalda um slíkar aðgerðir.

Með hliðsjón af ofangreindum atriðum telur Umhverfisstofnun líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og telur því stofnunin framkvæmdina háða mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson,  
**sérfræðingur**

---

<sup>1</sup> Veðurstofa Íslands 2020. [Tillögur að grunnvatnshlotum sem kunna að vera undir marktæku álagi vegna vatnstöku og/eða endurnýjunar af mannavöldum.](#)

Axel Benediktsson,  
***sérfræðingur***



Garðabær, 16. 5. 2023  
Tilvísun: [202303071](#) /KaH

Þórdís Stella Erlingsdóttir  
Sérfræðingur, svið umhverfismats  
[thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is](mailto:thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is)  
Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

### **Efni: 10 ha landfylling í Straumsvík og efnistaka í Rauðamelsnámu - matsskyldufyrirspurn**

Vegagerðin gerir ekki athugasemdir en vill benda á að æskilegt er að tryggja að mül og annað sem getur dregið úr umferðaröryggi berist ekki inn á Reykjanesbraut. Hafa ber í huga að útfærsla tenginga við Reykjanesbraut skulu vera gerðar í samráði við Vegagerðarinnar og huga þarf að samspili við fyrirhugaðrar framkvæmda vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar sem standa til.

Virðingarfyllst,

---

Katrín Halldórsdóttir,  
verkfræðingur á Höfuðborgarsvæði Vegagerðarinnar



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið  
Suðurgata 39 101 Reykjavík  
(354) 570 13 00  
www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-0280

Skipulagsstofnun  
Þórdís Stella Erlingsdóttir  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 16. maí 2023  
MÍ202305-0120/ 6.07 / K.M.

## Efni: 10 ha landfylling í Straumsvík og efnistaka í Rauðamelsnámu.

Minjastofnun Íslands hefur móttengið tölvupóst Skipulagsstofnunar frá 17. apríl s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hafnarfjarðarbær og Hafnarfjarðarhöfn áforma framkvæmdir á hafnarsvæðinu í Straumsvík. Framkvæmdunum hefur verið skipt upp í fjóra mismunandi áfanga. Í matsskyldufyrirspurn er fjallað um fyrsta áfangann. Í fyrsta áfanga felst að búa til landfyllingu til þess að stækka hafnarsvæðið í Straumsvík í samræmi við aðalskipulag Hafnarfjarðar, móta aðkomuveg að hafnarsvæðinu og afmarka efnistökusvæði við Rauðamel í Hafnarfirði.

Í þessum áfanga framkvæmdanna stendur til að stækka hafnarsvæðið um 10 ha með landfyllingu, sem er að mestu innan afmörkunar á hafnarsvæði aðalskipulags Hafnarfjarðar. Í skýrslu Hafnarfjarðarbæjar segir að í aðalskipulagi sveitarfélagsins komi fram að grynningar eru á því svæði sem er gert ráð fyrir nýrri landfyllingu. Stutt sé niður á skerin og aðstæður til landfyllingar því góðar, þ.e. stöðugur grunnur. Á landfyllingu verði reist mannvirki fyrir starfsemi tengda höfninni, m.a. tankar, síló og lagnir.

Efni fyrir framkvæmdirnar verður sótt í sjó og í Rauðamelsnámu. Fyllingarefni í landfyllinguna mun að stórum hluta koma úr námum í sjó. Í skýrslu Hafnarfjarðarbæjar segir að um sé að ræða um 180.000 m<sup>3</sup>. Efni verði sótt úr námum með framkvæmdaleyfi úr sjó, t.d. úr Faxaflóa, Hvalfirði eða Kollafirði. Í Rauðamelsnámu verði sótt grjót, 100.000 m<sup>3</sup>, sem nauðsynlegt sé í grjótvörn. Að námunni liggi slóði frá Reykjanesbraut, sem nýttur verður tímabundið fyrir flutningana. Til skoðunar sé að móta aðstöðu á lóð álversins, til að geyma efni.

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Kristinn Magnússon  
Verkefnastjóri  
kristinn@minjastofnun.is



Kynntar eru tvær leiðir til efnisflutninga frá Rauðamelsnámu að landfyllingarsvæðinu. Fyrri hluta flutningstímans verður notast við leið sem kölluð er D. Stefnt er að því að klára efnisflutningana á ákveðnum tíma. Ef það tekst ekki innan þess tímaramma sem settur er verður gert hlé á efnisflutningum í fjóra mánuði vegna framkvæmda Vegagerðarinnar. Flutningar myndu svo hefjast að nýju um leið D2. Leið D og D2 fara fyrsta spottann frá Rauðamelsnámu um slóða sem er í dag malarvegur en er í aðalskipulagi Hafnarfjarðar og deiliskipulagi Reykjanesbrautar skilgreindur sem göngu- og hjólastígur. Ekki er gerð breyting á vegi vegna efnisflutninga heldur vegurinn ekinn eins og hann er í dag. Fram hjá Straumsvíkurgatnamótunum fer flutningsleið D um malarveg sem þegar er til staðar og þaðan inn á Reykjanesbraut um núverandi tengingu. Hins vegar þarf að leggja nýjan veg eða slóða fyrir flutningsleið D2, en sú lega er í samræmi við deiliskipulag Reykjanesbrautar. Þaðan liggur leið inn á Reykjanesbraut um tengingu sem þegar er til staðar. Leiðir D og D2 fylgja báðar akstursleið um Reykjanesbraut, um Krísuvíkurgatnamótin og vestur eftir Reykjanesbraut. Útkeyrsla af Reykjanesbraut til norðurs er þegar til staðar. Unnið er að breytingu á deiliskipulagi álversins í Straumsvík þar sem vegtengingin sem liggur norður fyrir álverið verður afmörkuð.

Fjallað er um fornleifar í kafla 6.7 í skýrslu Hafnarfjarðarbæjar. Fornleifar hafa verið skráðar á fyrirhuguð framkvæmdasvæði í tengslum við fyrri framkvæmdir á svæðinu. Þá liggur fyrir skýrsla Bygðasafns Hafnarfjarðar frá árinu 2021, *Fornleifaskrá Hafnarfjarðar X. Hraunjarðir sunnan Reykjanesbrautar*.

Eins og fram kemur í skýrslu Hafnarfjarðarbæjar eru engar fornleifar skráðar þar sem fyrirhuguð landfylling á að koma né þar sem vegur að höfninni á að liggja norðan álversins. Ekki eru heldur skráðar fornleifar á svæði innan lóðar álversins sem mögulega verðu nýtt til haugsetningar. Sjávarbotninn þar sem landfylling er fyrirhuguð hefur ekki verið kannaður í þeim tilgangi að skrá fornleifar. Núverandi höfn í Straumsvík er a.m.k. að hluta byggð á landfyllingu. Telja verður ólíklegt að fornleifar finnist á sjávarbotni á svæðinu sem nú verður tekið undir landfyllingu. Minjastofnun minni á að í 24. gr. laga um menningarminjar segir að ef áður ókunnar fornminjar finnast við framkvæmd verks skuli sá sem fyrir framkvæmdunum stendur stöðva framkvæmdi án tafar.

Eins og fram kemur í skýrslu Hafnarfjarðarbæjar eru fjórar fornleifar í námunda við vegslóðann sem nær frá Reykjanesbraut að Rauðamelsnámu. Um er að ræða þrjú garðlög (2367-61, 62 og 69) og eina hleðslu (2367-56). Í skýrslunni segir að ekki verði gerðar breytingar á vegslóðanum í námunda við þessar fornleifar.

Fjórar fornleifar eru í námunda við mögulegt vinnslusvæði í Rauðamelsnámu. Um er að ræða vörslugarð (2367-87), hleðslu (2367-30), vörðu (2367-29) og vatnsból (2367-86). Í skýrslu


Hafnarfjarðarbæjar segir að girti verði i kringum þessar fornleifar á meðan á efnistöku stendur.

Lagning þess hluta akstursleiðar D2 sem verður nýr mun ekki hafa frekari áhrif á fornleifar eins of fram kemur á mynd 6.11 í skýrslu Hafnarfjarðarbæjar.

Minjastofnun Íslands telur að fyrir liggi fullnægjandi upplýsingar um fornleifar á fyrirhuguð framkvæmdasvæði landfyllingar í Straumsvík og um áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar. Stofnunin fellst á þær mótvægisáðgerðir sem settar eru fram í skýrslu Hafnarfjarðarbæjar.

Minjastofnun Íslands telur að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.* Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,  
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristinn Magnússon  
verkefnastjóri

Sent í tölvupósti:

Þórdís Stella Erlingsdóttir ([thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is](mailto:thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is))

Skipulagsstofnun ([skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is))

## Umsögn HEF

**Til** : Skipulagsstofnun - SLS; Þórdís Stella Erlingsdóttir  
**Frá** : Hörður Þorsteinsson <hordur@heilbrigdiseftirlit.is>  
**CC** : siggih;  
**Heiti** : Umsögn HEF  
**Málsnúmer** : 202303071  
**Málsaðili** : Hafnarfjarðarkaupstaður  
**Skráð dags** : 12.05.2023 00:00:00  
**Höfundur** : Hörður Þorsteinsson <hordur@heilbrigdiseftirlit.is>  
**Viðhengi** [image001.jpg](#)

Heil og sæl

Á fundi heilbrigðisnefndar þann 2. maí s.l. var tekið fyrir erindi Skipulagsstofnunar þar sem óskað er umsagnar á matsskyldufyrirspurn um landfyllingu í Straumsvík og efnistöku í Rauðamelsnámu skv. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Eftirfarandi var bókað:

*Heilbrigðisnefnd vekur athygli á að framkvæmdasvæðið er á eldhrauni sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. í lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfi tjarnanna á svæðinu eru viðkvæmar fyrir raski og tjarnirnar njóta einnig verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga.*

*Heilbrigðisnefnd telur að í greinagerðinni sé nægjanlega gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar og umhverfisáhrifum. Inn af Straumvíkinni er að finna ísaltar tjarnir, svokallaðar Straumsvíkurtjarnir. Tjarnirnar eru á náttúruminjaskrá vegna einstakra lífsskilyrða. Mikilvægt er að farið verði í mótvægisáðgerðir til að takmarka áhrif framkvæmda á tjarnirnar og gerð verði viðbragðsáætlun sem tryggi að lífríki tjarnanna verði ekki fyrir skaða.*

*Hafnarsvæðið sjálft sem stendur á Kapelluhrauni nýtur sérstakrar verndar skv. lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd, en því hefur nú þegar verið raskað þannig að áhrif landfyllingar eru óveruleg.*

*Vakin er athygli á að vinnsla jarðefna er starfsleyfisskyld samkvæmt reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnir.*

Með kveðju,

**Hörður Þorsteinsson, framkvæmdastjóri**

Hlíðasmára 14, 201 Kópavogi

Sími 550-5402, GSM 896-1227





Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 4. mgr. 88. gr. laga nr. 70/2022 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna sendanda að þau hafi ranglega borist þér.

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Hafnarfjörður, 11.05.2023  
2023-04-0141  
GÁÓ

## Málefni: 10 ha landfylling í Straumsvík

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags., 13. apríl 2023, vegna tilkynningu Hafnarfjarðarbæjar um 10 ha landfyllingu í Straumsvík og efnistöku í Rauðmelsnámu. Í samræmi við 20 gr. laga nr. 111/2021 var óskað eftir því að Hafrannsóknastofnun gefi umsögn um ofangreinda framkvæmd.

Skipulagsstofnun tiltekur að í umsögninni skuli koma fram eftir því sem tilefni er til “hvort umsagnaraðili telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði umsagnaraðili telur þurfa að skýra frekar og hvort þau kalli að hans mati á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.”

Umsögn Hafrannsóknastofnunar snýr að þeim þáttum framkvæmdarinnar er kunna að hafa áhrif á lífríki sjávar og fjöru.

Nokkrar rannsóknir hafa verið gerðar á lífríki í sjó og fjörum á framkvæmdasvæðinu. Austan framkvæmdasvæðis eru skúfþangsfjörur einkennandi. Lífríki í fjörum vestan framkvæmdasvæðis einkennist af klóþangsfjörum og í Straumsvíkurtjörnum hefur orðið til sérstætt lífríki í ísöltu vatni.

Lífríki á sjálfu framkvæmdarsvæðinu í sjó má telja að hafi þegar verið mikið raskað.

Framkvæmdin er í mikilli nálægð við viðkvæmt lífríki. Straumsvíkurtjarnir tilheyra svæði nr. 112 á C-hluta náttúruminjaskrár: Straumsvík, Hafnarfirði, vegna einstæðra lífsskilyrða<sup>1</sup> en einnig eru klóþangsfjörur utar í Straumsvík taldar hafa mikið verndargildi<sup>2</sup>.

Í tilkynningu um framkvæmd er gerð góð grein fyrir fyrirliggjandi rannsóknum á lífríki fjöru og sjávar, og hafa skýrt skilmerkilega þá áhættu sem framkvæmdin felur í sér vegna nálægðar við verndarsvæði og svæði með hátt verndargildi. Hafrannsóknastofnun telur að fyrirliggjandi rannsóknir<sup>3-7</sup> gefi þegar ágæta mynd af lífríki svæðisins.

Þá er gerð grein fyrir bæði stöðu á aðalskipulagi og nauðsynlegum leyfisveitingum.

Áhættan við framkvæmdina felst í því að framkvæmdaraðili geti sýnt með óyggjandi hætti fram á virkni mótvægisáðgerða og koma þannig á ótvíræðan hátt í veg fyrir skaða á lífríki Straumsvíkur innanverðrar og á Straumsvíkurtjarnir.

Í tilkynningu um framkvæmdina er lýst þeim mótvægisáðgerðum sem eru settar fram til að draga úr áhrifum af mögulegu gruggi á lífríki sjávarbotns, fjöru og tjarna á aðliggjandi svæðum. Mótvægisáðgerðir fela í sér að fyllingarsvæði verður afmarkað með garði áður en efni er dælt frá sjó í

þeim tilgangi að minnka hættu á að grugg eða laus efni berist lengra og víðar en annars er þörf á. Þar að auki verða framkvæmdir takmarkaðar ef mikill vindur er úr norðri og hættu er á meira ölduróti en ella til að minnka líkur á að grugg dreifist inn í Straumsvík og tjarnir.

Ekki er vísað til rannsókna eða reynslu af slíkum aðgerðum og verður því nauðsynlegt að fylgjast með virkni þeirra á meðan á framkvæmdum stendur og haga framkvæmdum eftir aðstæðum t.d. með tiliti til strauma, sjávarstöðu og vinda.

1. <https://ust.is/nattura/naturuverndarsvaedi/naturuminjaskra/sudvesturland/>

2. Náttúrufræðistofnun Íslands. (17. október 2022b). *Klóbangs fjörur*. Sótt frá Náttúrufræðistofnun Íslands: ni.is/grodur/vistgerdir/fjara/klohangsfjorur

3. Agnar Ingólfsson. (1998). Lífríki í fjörunni við Straumsvík. *Náttúrufræðingurinn* 67, 207- 213.

4. Agnar Ingólfsson og María Björk Steinarsdóttir. (2002). *The communities of the Hraunsvik coast east of Straumsvik*. Reykjavík: Institute of biology, University of Iceland.

5. Hafrannsóknastofnun. (2021). *Lífríki tjarna við Straumsvík, á áhrifasvæði fyrirhugaðrar breikkunar Reykjanesbrautar*. Garðabær: Hafrannsóknastofnun

6. Jörundur Svavarsson. (1990). Studies on the rocky subtidal communities in vicinity of a dumping pit for pot linings in Straumsvík, southwestern Iceland. *Fjölrit Líffræðistofnunar nr. 28*.

7. Jörundur Svavarsson. (2002). *The communities of the rocky subtidal Hraunsvik east of Straumsvik*. Reykjavík: Institute of biology, University of Iceland.

F.h. Hafrannsóknastofnunar, rannsókna- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna,



Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 11. maí 2023  
Málsnúmer: 202304-0018  
SS/LA

## Efni: Umsögn um matsskyldu landfyllingar í Straumsvík og efnistöku í Rauðamelsnámu.

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun, dags. 13. Apríl 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort framkvæmd Hafnarfjarðarbæjar á 10 ha landfyllingu í Straumsvík og efnistöku í Rauðamelsnámu eigi að fara í mat á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 111/2021.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögn með tilkynningunni og telur að framkvæmdin eigi að fara í mat á umhverfisáhrifum vegna eftirfarandi:

Framkvæmdin skiptist í tvo meginþætti.

### Landfylling í Straumsvík:

Áform um landfyllingu við Straumsvík er fyrsti áfangi af fjórum. Stefnt er að umhverfismati á 2-3 áfanga en ekki þeim fyrsta þó hann sé stærstur af áföngunum fjórum þegar þeir eru bornir saman sitt í hvoru lagi. Náttúrufræðistofnun telur eðlilegast að unnið sé umhverfismat fyrir alla fjóra áfanga samtímis til að meta heildaráhrif framkvæmdarinnar. Sérstaklega er mikilvægt að huga að umhverfisáhrifum í upphafi heildarframkvæmdar áður en hafist er handa við fyrsta áfangann. Landfyllingar eru stórtækar framkvæmdir sem valda óafturkræfu raski á haf- og strandsvæðum og þar með búsvæðum lífvera og landslagi, sem og tímabundinni mengun og ónæði fyrir lífríki á framkvæmdatíma. Afar brýnt er að ásættanleg þekking sé á þessum áhrifum áður en framkvæmdin hefst.

Framkvæmdasvæðið er í mikilli nálægð við svæði á C-hluta náttúru-minjaskrár, „112. Straumsvík“ sem er metið með hátt verndargildi vegna lífríkis í fjörum og tjörnum með fersku og ísöltu vatni í innan- og vestanverðri Straumsvík. Þar er einnig mikið fuglalíf. Þetta verndarsvæði er óneitanlega á áhrifasvæði framkvæmdar við landfyllingu og því grundvallaratriði að umhverfisáhrif séu metin gaumgæfilega, einkum á lífríki en einnig t.d. straumafar og sjávarföll. Fyrsti áfanginn er sá sem er næstur þessu viðkvæma svæði og því eðlilegt að mat á umhverfisáhrifum nái til hans, en ekki einungis síðari þrjá áfanga sem verða staðsettir norðan og austan við þann fyrsta.

Nauðsynlegt er að kortleggja betur lífríki svæðisins sem getur orðið fyrir áhrifum. Athuganir á lífríki Straumsvíkur eru komnar vel til ára sinna en nýrri athuganir eru að mestu bundnar við svæði austan við áætlaða landfyllingu. Þá þarf að meta með líkanagerð hvort og hvernig grugg gæti borist inn í Straumsvík á framkvæmdatíma og hvort hætta sé á að það geti borist innar í vikina.





Í ljósi þessa telur Náttúrufræðistofnun eðlilegt að framkvæmd við landfyllingu fari í umhverfismat og best væri ef hægt væri að leggja mat á umhverfisáhrif allra áfanga í einu.

#### Efnistaka í Rauðamelsnámu:

Um er að ræða mikla stækkun á Rauðamelsnámu, sem er staðsett í Hrútagjárdyngjuhrauni. Þó það sé alla jafna æskilegra að stækka námur frekar en opna nýjar þegar þörf er á miklu efni, þá verður að taka tillit til þess rasks sem verður við stækkun námunnar. Í þessu tilfelli er um að ræða efnistökusvæði á eldhrauni sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. í lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd. Stefnt er að sækja 100.000 rúmmetra af efni í Rauðamelsnámu vegna vinnu við fyrsta áfanga landfyllingar í Straumsvík. Miðað við mynd 5.1. á að nær þrefalda stærð efnistökusvæðisins sem er mjög mikil stækkun.

Rauðamelsnáman er þar sem áður var forn gervigígur sem Hrútagjárdyngjuhraun rann í kring um. Sjálfur gervigígurinn er löngu horfinn vegna efnistöku á rauðamöl, en það sem eftir er af mynduninni er samt sem áður áhugaverð og hluti af jarðsögu svæðisins.

Við stækkun námunnar verður mikið rask á hrauni sem er undir vernd og er þar að auki á þessum slóðum mjög svipfagurt með áberandi rishólum og sprungum sem setja mikinn svip á landslagið og hafa hátt verndargildi sem einstakar jarðmyndanir. Vel sést á loftmyndinni á mynd 5.1. að mikið er af þessum rishólum á áætluðu stækkunarsvæði. Kortleggja þyrfti betur hraunmyndanir í námunda námunnar til að meta hvort áætluð stækkunaráform séu þau heppilegustu og til að meta hve verðmætum náttúruminjum yrði fórnað. Í hrauninu geta einnig verið vaxtarstaðir sjaldgæfra og sérstæðra plantna t.d. burknategunda, einkum í sprungum. Mikilvægt er að skoða sé hversu mikið rask yrði á slíkum vaxtarstöðum og hvort einhverjar friðaðar eða válistaplöntur gæti leynst þar á meðal.

Mikið rask hefur nú þegar verið á nútímahrauni í landi Hafnarfjarðarbæjar vegna margvíslegrar uppbyggingar og framkvæmda. Á sama tíma hefur lítið sem ekkert verið verndað umfram það sem lágmarksverndun sérstakrar verndunar og skráning á C-hluta náttúruminjaskrár hefur fram að færa.

Skoða þarf vandlega samlegðaráhrif framkvæmdar af þessum toga, sem myndi auka við slíkt rask með tilheyrandi tjóni á jarðminjum, mögulegum vaxtarstöðum sjaldgæfra plantna og miklum ásýndaráhrifum á landslag, við aðrar áformaðar framkvæmdir í nágrenninu t.d. vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar og starfsemi CarbFix. Verðmæt náttúra svæðisins sem m.a. er nú þegar að hluta undir vernd skv. ákvæðum náttúruverndarlaga, er undir töluverðu álagi. Náttúrufræðistofnun telur það vera lágmarkskrafa að umhverfismat sé framkvæmt á svo stórfelldri efnistöku á þessu svæði. Þá ættu mótvægisáðgerðir að fela í sér að tryggja betur verndun nútímahrauns á þessum slóðum t.d. með því að skilgreina fleiri og öflugri verndarsvæði og vega þannig upp rask vegna framkvæmda, sem þegar hefur orðið og sem áformað er.

Framkvæmdirnar tvær eru nátengdar og tilkynntar hér sameiginlega. Að mati Náttúrufræðistofnunar eru sterk rök fyrir því að hvor framkvæmdin fyrir sig eigi að fara í umhverfismat og enn sterkari fyrir sameiginlega ákvörðun um þær báðar.



Virðingarfyllst,

*Snorri Sigurðsson*

Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs



## Skipulags- og byggingarráð - 782 2302617 - Rauðamelsnáma, deiliskipulag

**Til** : Þórdís Stella Erlingsdóttir <thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is>  
**Frá** : Anna María Elíasdóttir <anna@hafnarfjordur.is>  
**CC** : Þormóður Sveinsson <thormodurs@hafnarfjordur.is>  
**Heiti** : Skipulags- og byggingarráð - 782 2302617 - Rauðamelsnáma, deiliskipulag  
**Málsnúmer** : 202303071  
**Málsaðili** : Hafnarfjarðarkaupstaður  
**Skráð dags** : 19.04.2023 00:00:00  
**Höfundur** : Anna María Elíasdóttir <anna@hafnarfjordur.is>  
**Viðhengi** [image001.png](#)

### Tilkynning um afgreiðslu máls

Á fundi skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar þann 19. apríl 2023 var eftirfarandi tekið fyrir og afgreiðsla þess var:

#### 2302617 - Rauðamelsnáma, deiliskipulag

*Lögð fram umsagnarbeiðni Skipulagsstofnunar vegna matsskyldufyrirspurnar Hafnarfjarðarbæjar vegna efnistöku í Rauðamelsnámu og landfyllingar í Straumsvík.*

Skipulags- og byggingarráð gerir ekki athugasemdir við matsskyldufyrirspurn Hafnarfjarðarbæjar vegna efnistöku í Rauðamelsnámu og landfyllingar í Straumsvík.

Ofangreint tilkynnist hér með

Anna María Elíasdóttir

**Anna María  
Elíasdóttir**

Skrifstofustjóri

Umhverfis- og skipulagssvið

Norðurhella 2

585 5500

[anna@hafnarfjordur.is](mailto:anna@hafnarfjordur.is)

[hafnarfjordur.is](http://hafnarfjordur.is)